

Nd.

207. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Aftan við 13. gr. komi ný setning, svo látandi:

Nú hefir skipulagsuppráttur ekki hlotið staðfestingu stjórnarráðs áður tvö ár séu liðin frá framlagningu, og er hann eigi lengur bindandi.

2. gr.

Aftan af 28. gr. falli:

Þó verður eigi krafizt, að skaðabætur séu greiddar fyrir en sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmdar, sem skaðabæturnar eru goldnar fyrir.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var borið fram á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Fylgdi því svo látandi greinargerð:

„Samkvæmt 13. gr. laga nr. 55 1921 má engin mannvirki gera, sem koma í bágá við framlagt uppkast að skipulagsuppdraetti kaupsins eða sjávarþorps, og enginn frestur er settur til staðfestingar uppdráttar. Getur það því dregið ótakmarkað að staðfesta uppdrátt. Nú eru ýmsir, sem telja uppdrátt koma í bág við rétt sinn eða taka á eign þeirra samkvæmt honum. Meðan óvíst er, hvort uppdrátturinn verður samþykktur eða ekki, getur aðili hvorki fengið bæt看 fyrir eign sína né heldur verður honum unnt að ráðstafa henni, t. d. selja hana eða veðsetja, nema með þeirri kvöð, er uppdráttur kann að binda hana. Þess vegna er nauðsynlegt að setja einhvern frest um staðfestingu uppdráttar, samkvæmt áður nefndri 13. gr. laga nr. 55 1921.

Eftir 28. gr. sömu laga verða bæt看 ekki greiddar fyrr en skipulagsbreyting kemur til framkvæmdar. Þetta er sennilega brot á 63. gr. stjórnarskrárinnar, er segir menn eiga að fá fullt verð fyrir lögnumda eign. En fullt verð mundi ekki alltaf verða galdið, ef fara skal eftir 28. gr. laga nr. 55 1921. Ef t. d. væri ákveðið að taka lóð undir mannvirki, þá verður lóðin t. d. ekki seld undir hús. Yrði lóðareigandi því ef til vill að liggja með lóðina árum saman og bíður við það stórtjón, bæði vaxtatap og ef til vill verðlækkun. Með brottfellingu síðari setningar 28. gr. laga nr. 55 1921 er hugsað að koma skaðabótareglum téðra laga bæði nær anda stjórnarskrárinnar og nær sanngirni“.